Stofnendur: Hrafnar Kristinsson Kaaber, kt. 240500-2480, Miklubraut 68, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Hrafnar Kristinsson Kaaber. *Varastjórn:* Kristinn Hrafnsson, kt. 250662-5219, Miklubraut 68, 105 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Hrafnar Kristinsson Kaaber.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Bjarni Jónsson, kt. 180885-2349, Nökkvavogi 24, 104 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er almenn verktakastarfsemi og tengdur rekstur, leiðsögn í ferðaþjónustu og skyldur rekstur ásamt tilheyrandi eigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017506

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **DRM-LND ehf.**

Kt.: 550825-1550.

Heimili og varnarþing: **Lágmúla 7, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 13. ágúst 2025.

Stofnendur: Hagldir eignarhaldsfélag ehf., kt. 630101-2710, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 13. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, kt. 290173-5669, Hlyngerði 1, 108 Reykjavík. *Varastjórn:* Gizur Bergsteinsson, kt. 151173-4389, Hlyngerði 1, 108 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sesselja Katrín Hauksdóttir, kt. 110701-2410, Viðarási 57, Reykjavík.

Prókúruumboð: Sesselja Katrín Hauksdóttir, Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Nanna Sigurðardóttir, kt. 130863-8179, Brekkugötu 3, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er verslunarrekstur, heildsala, smásala, inn- og útflutningur, miðlun, leiga, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017507

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Bugðuflyót 2 ehf.**

Kt.: 510825-0550.

Heimili og varnarþing: **Brúarflyóti 1, 270 Mosfellsbær.**

Dagsetning samþykktar er: 12. júní 2025.

Stofnendur: Hugvís ehf., kt. 670313-0690, Brúarflyóti 1, 270 Mosfellsbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. júní 2025.

Formaður stjórnar: Guðmundur Hlír Sveinsson, kt. 200480-4739, Digranesheiði 41, 200 Kópavogur.

Meðstjórnandi: Davíð Fjeldsted, kt. 061283-2939, Iðunnarbrunni 9, 113 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Davíð Fjeldsted.

Prókúruumboð: Guðmundur Hlír Sveinsson, Davíð Fjeldsted.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ásdís Sturlaugsdóttir, kt. 250870-4429, Ljósuvík 32, 112 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er almenn byggingastarfsemi, bygging atvinnu- og íbúðarhúsnaðis. Kaup, sala og útleiga fasteigna, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og önnur tengd starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017508

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Smári smiður ehf.**

Kt.: 520825-0880.

Heimili og varnarþing: **Sandhólaferju, 851 Hella.**

Dagsetning samþykktar er: 5. ágúst 2025.

Stofnendur: Smári Guðmarsson, kt. 151200-4270, Hlíðarhjalla 7, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 5. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Smári Guðmarsson. *Varastjórn:* Sara Bergmann Valtýsdóttir, kt. 260700-2430, Hlíðarhjalla 7, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Smári Guðmarsson.

Prókúruumboð: Smári Guðmarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ragnar Ulrich Valsson, kt. 160271-3379, Lækjasmára 78, 201 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Almenn smíðavinna.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.
(2025017509

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Hitalagnir ehf.**

Kt.: 540825-0760.

Heimili og varnarþing: **Snægili 17, 603 Akureyri.**

Dagsetning samþykktar er: 10. ágúst 2025.

Stofnendur: Alexander Tausen Tryggvason, kt. 150892-3259, Snægili 17, 603 Akureyri.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 10. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Alexander Tausen Tryggvason. *Varastjórn:* Agla Guðbjörg Brynjarsdóttir, kt. 151293-3369, Snægili 17, 603 Akureyri.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Alexander Tausen Tryggvason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Snorri Ágúst Snorrason, kt. 231290-2229, Reykási 23, 110 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félags er pípulagnaverktaka.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.
(2025017511

Útgáfud.: 21. ágúst 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík

Stefnda: Helga Lilja Martinsdóttir, kt. 1711923079, ótilgreint heimilisfang.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 6.119.380 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 40.943 frá 1.12.2024 til 1.1.2025, en af kr. 81.924 frá þeim degi til 1.2.2025, en af kr. 123.067 frá þeim degi til 1.3.2025, en af kr. 164.100 frá þeim degi til 1.4.2025, en af kr. 205.508 frá þeim degi til 9.5.2025, en af kr. 6.119.380 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi sem innifelur 24% vsk. Kröfunr. 546-75265.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Páll Egill Winkel, kt. 100773-6199, Tjarnarbrekku 6, Garðabæ.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námsláns stefndu sem veitt var að undangenginni lánsúmsókn stefndu. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. H-065191 með rafrænni undirritun þann 28.07.2022. Námslán eru verðtryggð skv. 16. gr. laga nr. 60/2020. Lánið ber vexti frá námslokum skv. 17. og 18. gr., sbr. 16. gr. laganna.

Samkvæmt 2. gr. skuldabréfsins er skuldabréf gefið út gegn hverri lánsúthlutun stefnanda til stefnda á námstímanum og við hverja úthlutun skuli eldra skuldabréf sameinað hinu nýja þannig að á hverju nýju skuldabréfi komi fram upphæð heildarskuldar námsmanns eins og hún er á útgáfudegi skuldabréfsins að meðtöldum áföllnum verðbótum.

Er stefnda gaf út skuldabréfið var fjárhæð heildarskuldar stefnda, sbr. 2. gr. skuldabréfsins, kr. 6.410.424 sem verðtryggð er með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu 539,5 stig. Eftir að stefnda hafði undirritað skuldabréfið skilaði hún inn námseiningum sem veittu henni rétt til barnastyrks að fjárhæð kr. 921.647 og kr. 685.939, sbr. 15. gr. laga nr. 60/2020.

Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga nr. 60/2020 skilgreinir sjóðsstjórn í úthlutunarreglum hvað telja beri námslok skv. lögnum. Námslok eru skráð hjá stefndu 30.06.2022, en skv. úthlutunarreglum miðast námslok við lok síðasta aðstoðartímabils. Stefnandi uppreiknaði höfuðstól námslánsins við námslok, að teknu tilliti til barnastyrks m.v. vísitölur 535,4/539,5 og reiknaðist þá höfuðstóll lánsins kr. 5.210.550. Stefnandi uppreiknaði aftur höfuðstól lánsins m.v. vísitölu á fyrsta afborgunargjaldþingi lánsins, eða vísitölur 590,6/535,4 og reiknaðist þá uppreiknaður höfuðstóll að viðbættum vöxtum og verðbótum kr. 5.883.418 með grunnvísitölu 590,6 stig.

Endurgreiðslur námslána skv. lögum nr. 60/2020 skulu greiddar mánaðarlega fyrsta dag hvers mánaðar, sbr. 3. mgr. 19. gr. laganna. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 01.12.2024 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 09.04.2025.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldldagi	Upphæð
1.12.2024	40.943
1.1.2025	40.981
1.2.2025	41.143
1.3.2025	41.033
1.4.2025	41.408

Gjaldfelldar eftirstöðvar 9.4.2025 5.913.872

Eða alls kr. 6.119.380 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi er skráð með ótilgreint lögheimili hjá Þjóðskrá og hefur stefnandi því ekki aðra úrkosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaðinu.

Byggt er á því að rafræn undirritun stefndu á skuldabréfið hafi falið í sér skuldbindandi loforð stefnda um að endurgreiða námslánið í samræmi við skilmála skuldabréfsins, úthlutunarreglur stefnanda og lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísan er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til 7. gr. skuldabréfsins og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 21. október 2025 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 15. ágúst 2025,

F. h. stefnanda

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2025017356

Útgáfud.: 21. ágúst 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík

Stefnda: Katla Hólm Þórhildardóttir, kt. 180787-3219, 19 O'Curry Place, O'Curry Street, Limerick, Írland.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 6.905.566 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 166.245 frá 01.03.2023 til 03.08.2023, en af kr. 6.905.566 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti. Kröfunr. 546-71185.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-435526 þann 5.6.2015 upphaflega að fjárhæð kr. 5.183.731. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 454,6 stig sem er vísitala neysluverðs í ágúst 2018. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 31.8.2018, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. G-435526, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 1.3.2023 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 3.7.2023.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
1.3.2023	166.245,00
Gjaldfelldar eftirstöðvar 3.7.2023	6.739.321,00

Eða alls kr. 6.905.566 sem er stefnu fjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð lögheimili á Írlandi hjá Þjóðskrá Íslands. Skv. upplýsingum stefndu sem hún veitti stefnanda er heimilisfang hennar að 19 O'Curry Place, O'Curry Street, Limerick í Írlandi. Stefna var gefin út, þýdd lögg. þýðingu yfir á ensku og beiðni um birtingu send til Sýslumannsins á Suðurnesjum á grundvelli Haag-samnings um birtingar á réttarskjöllum og utanréttarskjöllum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóv. 1965. Þingfesta átti málið 18.06.2024 og tiltekið í beiðni til sýslumanns að síðasti birtingardagur væri 17.5.2024. Þar sem engin árangur varð af birtingu stefnunnar var ákveðið að gefa stefnu út aftur sem þýdd var lögg þýðingu yfir á ensku. Var stefna send til sýslumannsins og óskað eftir birtingu á grundvelli Haag-samningsins frá 15. nóv. 1965. Þingfesta átti stefnuna 29.04.2025. Skv. tölvusamskiptum við fulltrúa Sýslumannsins á Suðurnesjum bárust engin viðbrögð frá yfirvöldum í Írlandi um birtingu stefnunnar.

Í embættisbréfi fulltrúa Sýslumannsins á Suðurnesjum, dags. 24. júlí 2025, er staðfest að embættið hafi móttekið beiðni stefnanda um birtingu þann 21.8.2024. Beiðni hafi verið send til miðstjórnarvalds í Írlandi skv. Haag-samningnum þann 23.8.2024. Embætti sýslumanns hafi hins vegar ekki fengið gögn frá miðstjórnarvaldinu á Írlandi um birtingu stefnunnar. Né heldur svarað fyrirspurnum sem send voru í tölvupósti.

Í 2. mgr. 15. gr. fyrrgreinds Haag-samnings frá 15. nóv. 1965 kemur fram að dómari geti þrátt fyrir 1. mgr. 15. gr. kveðið upp dóm þótt vottorð um birtingu hafi ekki borist ef uppfyllt eru eftirfarandi skilyrði; a) skjalið hefur verið sent með þeim aðferðum sem kveðið er á um í samningnum, b) liðinn sé hæfilegur frestur, þó ekki skemmri en sex mánuðir frá þeim degi sem skjalið var sent og c) að ekki hafi borist vottorð af neinu tagi þótt allt hafi verið gert til öflunar þess, sem með sanngirni má ætlast til, fyrir milligöngu þar til bærra yfirvalda í því ríki sem beiðni var send til.

Byggt er á því að yfirvöld á Írlandi hafi látið hjá líða að birta stefnuna, sbr. b-liður 89. gr. laga nr. 91/1991. Á stefnandi því enga aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir einnig á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-435526, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála

skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr 42. gr. laga nr 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á diskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 21. október 2025 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 13. ágúst 2025.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2025017357

Útgáfud.: 22. ágúst 2025

Stefna

Alona Mytrofanova

kt. 170996-6159

Vatnsstíg 3B, Reykjavík

gjörir kunnugt að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Illia Mytrofanos, fd. 4. mars 1996, lögheimili óþekkt.

I. Dómkröfur stefnanda.

Að henni verði einni dæmd forsjá dóttur aðila, Ahniia Mytrofanova, kt. 120615-4320, til 18 ára aldurs hennar sem og að lögheimili verði hjá stefnanda.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda einfalt meðlag með stúlkunni til framfærslu hennar eins og barnalífeyrir er ákveðinn hverju sinni, frá dómsuppkvaðningu til 18 ára aldurs stúlkunnar.

Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, stefnanda að skaðlausu.

II. Málflutningsumboð.

Helga Vala Helgadóttir lögmaður flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málavextir.

Málsaðilar eru bæði fædd og uppalin í Úkraínu. Þau hófu samband sitt í menntaskóla og áttu fljótlega von á barni. Gerði fjölskylda stefnda þá kröfu um að þau gengju í hjúskap og fæddist þeim stúlka í júní 2015.

Fljótlega fór að bera á erfiðleikum í hjónabandi þeirra þar sem lífsskoðanir þeirra, gildi og viðhorf reyndust gjörólík. Starfaði stefnandi sem stafrænn listamaður í heimalandi þeirra eftir útskrift úr menntaskóla og sá alfarið fyrir litlu fjölskyldunni fjárhagslega, greiddi leigugreiðslur vegna húsnæðis og annaðist barnið ein. Stefndi var á sambúðartíma þeirra sinnulaus gagnvart fjölskyldunni og tók takmarkaðan þátt í heimilishaldi. Þegar stefnandi

átti á fyrstu árunum samtöl við stefnda um möguleg samvistarslit brást hann við með ógnandi tilburðum í garð stefnanda og var ekki tilbúinn til þess að eiga það samtal eða komast að sameiginlegri niðurstöðu í þeim efnum.

Þegar stríð braust út í Úkraínu í febrúar 2022 var hjúskapur málsaðila þegar kominn að leiðarlokum og höfðu málsaðilar þá þegar tekið ákvörðun um skilnað og hann frágenginn. Varð þeim að samkomulagi að stefnandi myndi flýja landið ásamt dóttur sinni og fjölda íbúa hins stríðshrjáða ríkis og tókst það í apríl 2022. Hafa mæðgurnar verið búsettar hér á landi síðan, en þegar þær komu til landsins var mikið álag á öllu stjórnkerfinu við skráningu þeirra og annarra landa þeirra inn í landið. Vegna þessa var stefnandi fyrir mistök skráð í hjúskap. Það hefur nú verið lagfært af Þjóðskrá og var lögformlegum skjölum skilað inn af því tilefni en þar sem hún hafði verið skráð í hjúskap fyrir mistök var forsjá einnig skráð sameiginleg. Hefur forsjá stúlkunnar því verið skráð sameiginleg hér á landi og forsjármál því óhjákvæmilegt vegna fjarveru stefnda.

Stefndi er líkast til enn í Úkraínu, þótt engin vissa sé fyrir því hvar hann er niðurkominn. Hann virðist þó vera á lífi, þar sem hann hefur einstaka sinnum á undanförunum árum haft samband við stefnanda í gegnum samskiptamiðilinn Telegram, til að eiga samtal við dóttur þeirra. Hann hefur alfarið neitað að gefa upp staðsetningu sína eða aðstæður og hefur samband í gegnum leyninúmer. Þar sem honum er kunnugt um númer stefnanda getur hann sett sig í samband við hana en hún ekki samband við hann. Er hvorki um símtöl eða myndsímtöl að ræða heldur skilaboð. Stefnanda er því ókunnugt um hvort hann er í heimalandi sínu eða hefur flúið annað og getur í raun ekki fullyrt að samskiptin séu að eiga sér stað við umræddan einstakling. Þá hefur hann hvorki netfang sem hægt er að notast við í samskiptum hefur verið hægt að hafa uppi á honum af hálfu stefnanda eða fulltrúum sýslumannsembættis þegar gerðar hafa verið tilraunir til að hafa uppi á honum. Stefnandi hefur aldrei reynt að koma í veg fyrir að stefndi eða fjölskylda hans hafi samband við dóttur þeirra en því miður þá er ekkert samband þar á milli í dag og stúlkan þekkir ekki föðurfjölskyldu sína.

Mæðgurnar hafa aðlagast vel hér á landi en stefnandi starfar sem kennari og stundar íslenskunám með mjög góðum árangri við Háskóla Íslands. Þannig eru mæðgurnar báðar altalandi á íslensku og æfir stúlkan einnig íþróttir með hverfisfélagi sínu auk þess að vera í tónlistarnámi.

Ekki eru tiltæk nein skjöl er staðfesta að stefnandi fari ein með forsjá stúlkunnar en stefnandi leitaði áður til sýslumanns með beiðni um staðfestingu á skipan forsjár án árangurs. Þar sem ekki var hægt að ná sambandi við stefnda undir rekstri máls hjá sýslumanni var forsjármáli vísað frá og gefið út sáttavottorð. Stefnanda er mikilvægt að fara ein með forsjá enda hefur hún ein annast stúlkuna undanfarin ár og mun áfram gera. Þær hafa sest hér að og munu búa hér um ókomna tíð. Er þeim nauðsynlegt að fá staðfest að stefnandi fari ein með forsjá stúlkunnar.

IV. Málsástæður.

Stefnandi byggir kröfur sínar um að hún fari ein með forsjá stúlkunnar á 34. gr. barnalaga nr. 76/2003, aðallega 2. mgr. en þar segir að dómara beri að láta hagsmuni barns ráða við ákvörðun um forsjá þess. Skal dómari m.a. líta til hæfis foreldra, tengsla barns við báða foreldra og þeirrar hættu á að barn, foreldri eða aðrir á heimili barns hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi. Þá skal einnig litið til vilja barnsins að teknu tilliti til aldurs og þroska þess.

Eins og greina má í málavaxtakafli hér að ofan eru aðstæður stefnanda og dóttur málsaðila þess eðlis að stefnanda er nauðsynlegt að fara ein með forsjá stúlkunnar og geta þannig tekið mikilvægar ákvarðanir er hana varðar, en í 28. gr. a-liðar barnalaga segir að inntak sameiginlegrar forsjár sé að foreldrar sem fari sameiginlega með forsjá barns skuli taka sameiginlega allar meiriháttar ákvarðanir sem varða barn. Þar sem óvíst er hvar stefndi er staddur og ekki næst til hans er henni nauðsynlegt að fá dóm um forsjárkröfu sína.

Engin krafa er gerð um að úrskurðað verði um umgengni þar sem ómöguleiki veldur því að stefndi geti sinnt umgengnis skyldu sinni. Gerð er krafa um að úrskurðað verði um meðlag, en stefnandi hefur aldrei fengið meðlag með stúlkunni.

Loks er gerð krafa um málskostnað, en stefnandi á ekki rétt á gjafsókn til að standa straum af kostnaði vegna málsins.

V. Lagarök.

Kröfur stefnanda byggjast á meginreglum barnalaga nr. 76/2003 einkum á 34. gr., sbr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 en einnig á 1. gr. þar sem kveðið er á um velferð barna sem og 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 19. gr.

Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns sbr. l. nr. 19/2013. Þá er byggt á barnalögum í heild svo og meginreglum þeirra og undirstöðurökum. Um varnarþing vísast til 37. gr. barnalaga.

Stefnandi byggir kröfur sínar um meðlag á 5. mgr. 34. gr. barnalaga sem og ákvæði barnalaga um framfærsluskyldu foreldra skv. 53. gr. sbr. 6. mgr. 57. gr.

Um málsmeðferð málsins gilda ákvæði VI. kafla barnalaga.

Krafa um málskostnað er byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um virðisaukaskatt vísast til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyld og því ber henni nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum.

VI. Birting stefnu í Lögbirtingablaði.

Varðandi heimild til stefnubirtingar í Lögbirtingablaði er vísað til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 83. gr. sömu laga. Ekki hefur tekist að afla upplýsinga um hvar megi birta stefnda stefnuna í málinu eftir almennum reglum, enda dvalarstaður stefnda óþekktur. Sökum þessa er stefnan birt skv. framangreindu í Lögbirtingablaði og stefnufrestur tilgreindur einn mánuður í samræmi við ákvæði 3. tölul. 91. gr. laga nr. 91/1991.

VII. Varnarþing.

Mál þetta er rekið á varnarþingi barns skv. fyrirmælum 37. gr. laga nr. 76/2003.

VIII. Sönnunargögn og skýrslugjöf fyrir dómi.

Stefnandi áskilur sér rétt til þess að leggja fram sönnunargögn máli sínu til stuðnings, bera fram nýjar málsástæður og hafa uppi andmæli allt til þess að mál er dómtekið sbr. 41. gr. barnalaga. Ennfremur áskilur stefnandi sér þann rétt að kalla aðila fyrir og eftir atvikum vitni ef það má verða til þess að upplýsa dóminn um aðstæður barnsins sem og aðila þessa máls.

IX. Fyrirkall.

Fyrir stefnist hér með Illia Mytrofanos, fd. 4. mars 1996, lögheimili óþekkt til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður **þriðjudaginn 23. september 2025**, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða og til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Mæti stefndi ekki má búast við að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við kröfu stefnanda. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. ágúst 2025.

F. h. stefnanda,

Helga Vala Helgadóttir lögmaður.

(2025017384

Útgáfud.: 22. ágúst 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndu: Ghost Ak ehf., kt. 540222-1770, Ásholti 3, 621 Dalvík, fyrirsvarsmaður Sölvi Antonsson, kt. 061279-4079, með ótilgreint heimilisfang á Akureyri og Sölvi Antonsson, kt. 061279-4079 með ótilgreint heimilisfang á Akureyri.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 525.104, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr.

525.104 frá 7.7.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi. Kröfunúmer 00357-250128.

Málavextir og málsástæður:

Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda, Ghost Ak ehf., við stefnanda á veltureikningi nr. 0370-26-540207. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt var af hálfu stefnanda að ósk stefnda. Með öðrum orðum fékk stefndi heimild frá stefnanda til að yfirdraga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi samþykkti féll niður þann 14.5.2025, án þess að til framlengingar kæmi og bar stefnda Ghost Ak ehf., því að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin var þó ekki greidd á gjalddaga og var reikningnum í kjölfarið lokað, nánar tiltekið þann 7.7.2025. Nam þá uppsöfnuð skuld veltureikningsins stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Þann 3.5.2024 ritaði stefndi, Sölvi Antonsson, undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar á framangreindum reikningi, sbr. dskj. nr. 4. Með yfirlýsingunni ábyrgðist ábyrgðaraðili sig persónulega til að tryggja efndir á skuldbindingum reikningseiganda eins og um hans eigin skuld væri að ræða gagnvart stefnanda. Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar nam kr. 1.000.000 auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi Sölvi Antonsson, sem jafnframt er fyrirsvarsmaður Ghost Ak ehf. sagður með óþekkt heimilisfang á Akureyri en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Skráð lögheimili Ghost Ak ehf. er í íbúðarhúsnæði og ekki vitað um starfsemi á staðnum. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta frá umsömdum gjalddaga kröfunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu heldur lætur stefnandi nægja að krefjast dráttarvaxta frá síðara tímamarki, þ.e. frá þeim degi sem reikningnum var lokað, til hagsbóta fyrir stefndu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð v/yfirdráttarheimildar.
5. Heimildaryfirlit.
6. Innheimtuviðvörðun.
7. Innheimtubréf.
8. Útprentun úr Hlutafélagaskrá.
9. Upplýsingar úr þjóðskrá.
10. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Norðurlands eystra, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal B, Hafnarstræti 107, 4. hæð, Akureyri, þann 23. október 2025, kl. 13.30 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar

gagnvart stefndu með áritun eða dómi.
Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 1. ágúst 2025.
F. h. stefnanda,
Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2025017386

Útgáfud.: 25. ágúst 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Teya Iceland hf., kt. 440686-1259, Katrínartúni 4, Reykjavík,
Fyrirsvarsmaður: Ali Z. H. Mazanderani, kt. 170282-4509, Aldrei haft lögheimili á Íslandi, stjórnarformaður.

Stefnda: Andreea-Marimar Iordan, kt. 040600-3100, Ótilgreint, Hafnarfirði.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 162.062, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 14.733 frá 2.2.2025 til 2.3.2025, af kr. 29.466 frá 2.3.2025 til 2.4.2025, af kr. 44.199 frá 2.4.2025 til 2.5.2025, af kr. 58.931 frá 2.5.2025 til 16.6.2025, af kr. 162.062 frá 16.6.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er fjártækniyrirtæki sem sérhæfir sig í rafrænum lánasamningum fyrir neytendur. Ofangreind dómkrafa er tilkomin vegna raðgreiðslusamnings nr. 597872, dags. 20.11.2024, upphaflega að fjárhæð kr. 176.795. Stefndu bar að endurgreiða lánið með 12 jöfnum afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 2.1.2025. Við upphaf lánessamnings greiddi stefnda fyrstu afborgunina í samræmi við greiðsluáætlun en þegar ekki höfðu borist frekari innborganir af láninu og afborganir með gjalddaga í febrúar 2025 til maí 2025 voru gjaldfallnar, voru eftirstöðvar lánsins gjaldfelldar í samræmi við skilmála lánessamningsins.

Við gjaldfellingu lánsins þann 16.5.2025 nam krafa stefnanda kr. 162.062 sem sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Raðgreiðslusamningur nr.

Afborgun dags. 2.2.2025
Afborgun dags. 2.3.2025
Afborgun dags. 2.4.2025
Afborgun dags. 2.5.2025
Eftirstöðvar dags. 16.5.2025

Samtals:

597872

kr. 14.733
kr. 14.733
kr. 14.733
kr. 14.732
kr. 103.131

kr. 162.062

Samtals nemur skuld stefnda því kr. 162.062 sem er stefnufjárhæð þessa máls. Dráttarvaxta er krafist af hverri gjaldfallinni afborgun af skuldinni frá þeim degi sem hún féll í gjalddaga og krafist er dráttarvaxta af gjaldfelldum eftirstöðvum lánessamningsins þegar liðinn var mánuður frá gjaldfellingu sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda óstaðsett í hús í Hafnarfirði, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatiltvisanir: Vísað er til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttarins, meðal annars um skuldbindingargildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga sem fær stoð í 45., 47. og 54. gr. laga nr. 50/2000 og lögum nr. 42/2000.

Þá er einnig vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti styður stefnandi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 og um birtingu stefnu til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl, auk annarra, til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.
2. Skrá yfir dskj. 1-6.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Andreea-Marimar Iordan, kt. 040600-3100, Ótilgreint, Hafnarfirði að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 25. september 2025, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefnda átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.

F. h. stefnanda,

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður

(2025017445

Útgáfud.: 25. ágúst 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi/-u: Topp 10 möst ehf., kt. 600522-1750, Mávahlíð 23, Reykjavík, fyrirsvarsmaður Ólöf Birna Torfadóttir, kt. 130990-3209, Deildartún 7, Akranesi og Ólöf Birna Torfadóttir, kt. 130990-3209, Deildartún 7, Akranesi og Óskar Hinrik Long Jóhannsson, kt. 190384-3149, með óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi Topp 10 möst ehf., verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 14.005.531, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 14.005.531 frá 12.3.2025 til greiðsludags.

Einnig er þess krafist að stefndu, Ólöf Birna Torfadóttir og Óskar Hinrik Long Jóhannsson, verði dæmd til að greiða þar af in solidum með stefnda, Topp 10 möst ehf., skuld að fjárhæð kr. 14.000.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 14.000.000 frá 12.3.2025 til greiðsludags. Kröfunúmer 00357-250052.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður:

Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda, Topp 10 möst ehf., við stefnanda á veltureikningi nr. 0370-26- 035770. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt var af hálfu stefnanda að ósk stefnda, Topp 10 möst ehf. Með öðrum orðum fékk stefndi Topp 10 möst ehf., heimild frá stefnanda til að yfirdruga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi samþykkti féll niður þann 20.01.2025, án þess að til framlengingar kæmi og bar stefndu því að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin var þó ekki greidd á gjalddaga og var reikningnum í kjölfarið lokað, nánar tiltekið þann 12.03.2025. Nam þá uppsöfnuð skuld veltureikningsins stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3. Stefndu hafa reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Þann 31.5.2024 rituðu stefndu, Ólöf Birna Torfadóttir og Óskar Hinrik Long Jóhannsson, undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar á framangreindum reikningi, sbr. dskj. nr. 4. Með yfirlýsingunni ábyrgðust ábyrgðaraðilar sig persónulega til að tryggja efndir á skuldbindingum reikningseiganda eins og um þeirra eigin skuld væri að ræða gagnvart stefnanda. Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar nam kr. 14.000.000 auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi Óskar Hinrik Long Jóhannsson með óþekkt heimilisfang en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu á hendur stefnda Óskari Hinriki Long Jóhannssyni.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta frá umsömdum gjalddaga kröfunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu heldur lætur stefnandi nægja að krefjast dráttarvaxta frá síðara tímamarki, þ.e. frá þeim degi sem reikningnum var lokað, til hagsbóta fyrir stefndu.

Lagatilvísanir:

Visað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. gr og 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð v/yfirdráttarheimildar.
5. Heimildaryfirlit.
6. Innheimtuviðvörðun.
7. Innheimtubréf.
8. Útprentun úr Hlutfélagaskrá.
9. Upplýsingar úr þjóðskrá.
10. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Reykjavíkur**, á dómþingi sem haldið verður að/í **dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg**, þann **23. október 2025**, kl. **10.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna

stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar vegna stefnda Topp 10 möst ehf., 7 sólarhringar fyrir stefndu Ólöfu Birnu Torfadóttur og einn mánuður fyrir stefnda Óskar Hinrik Long Jóhannssonar.

Reykjavík, 31. júlí 2025.
F. h. stefnanda,
Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður

(2025017446

Útgáfud.: 25. ágúst 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:
Stefnandi: Stólpi Gámar ehf., kt. 460121-1590, Gullhelli 2, Hafnarfirði.
Fyrirsvarsmaður: Börkur Grímsson, kt. 190764-7299, Lundur 11, Kópavogi, stjórnarmaður.
Stefndi: Klaudia Ewa Sumara, kt. 010195-3819, Útlönd.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur:
Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 221.734, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 32.021 frá 30.8.2024 til 30.9.2024, af kr. 63.041 frá 30.09.2024 til 31.10.2024, af kr. 95.062 frá 31.10.2024 til 29.11.2024, af kr. 126.082 frá 29.11.2024 til 30.12.2024, af kr. 158.103 frá 30.12.2024 til 31.1.2025, af kr. 191.471 frá 31.1.2025 til 28.2.2025, af kr. 221.734 frá 28.2.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er félagið Stólpi Gámar ehf. sem sérhæfir sig í sölu og leigu á flestum stærðum og gerðum af gámum, þar á meðal má nefna geymslugáma, kæli- og frystigáma, einangraða gáma, fleti og tankgáma. Á milli málsaðila stofnaðist viðskiptasamband þegar stefnda óskaði eftir þjónustu stefnanda. Ofangreind krafa er tilkomin vegna leigu stefndu á 20 feta gám og lás yfir tímabilið frá ágúst 2024 til febrúar 2025, líkt og nánar er lýst í framlögðum reikningum.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Krafa stefnanda er byggð á:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	30.8.2024	30.8.2024	32.021
2	30.9.2024	30.9.2024	31.020
3	31.10.2024	31.10.2024	32.021
4	29.11.2024	29.11.2024	31.020
5	30.12.2024	30.12.2024	32.021
6	31.1.2025	31.1.2025	33.368
7	28.2.2025	28.2.2025	30.263

Stefnufjárhæð nemur samtölu reikningsfjárhæða, alls kr. 221.734.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna innheimtu skuldarinnar, sem stofnaðist til áður en hún var send í löginnheimtu, í samræmi við 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefna skráð til heimilis í útlöndum, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvisanir: Vísað er til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar, meðal annars um skuldbindingagildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga sem fá stoð í lögum nr. 7/1936 og lögum nr. 50/2000.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og þá sérstaklega 1. mgr. 6. gr. laganna.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. gr. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 og um birtingu stefnu til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.
2. Skrá yfir dskj. 1-7.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Klaudia Ewa Sumara, kt. 010195-3819, Útlönd að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 25. september 2025, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefnda átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.

F. h. stefnanda,

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður.

(2025017448

Útgáfud.: 27. ágúst 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 26. ágúst 2025 síðastliðinn í máli nr. L-2327/2025, var Steinunn Sigurðardóttir, kt. 231069-4889, svipt fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 26. ágúst 2025.

Þorsteinn Davíðsson héraðsdómari

(2025017541

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **EBÞ9 ehf.**

Kt.: 520825-1420.

Heimili og varnarþing: **Tröllakór 12, 203 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 6. ágúst 2025.

Stofnendur: Eggert Þór Steinþórsson, kt. 150995-2569, Tröllakór 12, 203 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 6. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Eggert Þór Steinþórsson. Varastjórn: Svandís Dagmar Valgeirsdóttir, kt. 240398-2819, Tröllakór 12, 203 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Eggert Þór Steinþórsson.

Prókúrumboð: Eggert Þór Steinþórsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Straumfjörð Pálsson, kt. 270884-3189, Sölkugötu 8, 270 Mosfellsbær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Almenn smíðavinna.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025017452

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Konseft - Lausnir ehf.**

Kt.: 520825-0100.

Heimili og varnarþing: **Skemmuvegi 2A, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 7. júlí 2025.

Stofnendur: Norvik hf., kt. 670400-2390, Skemmuvegi 2a, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. júlí 2025.

Formaður stjórnar: Gísli Jón Magnússon, kt. 101275-3969, Stórakrika 58, 270 Mosfellsbær. Meðstjórnandi: Harpa Dögg Vífilisdóttir, kt. 260682-4589, Árakri 19, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Auðun Freyr Ingvarsson, kt. 311072-3079, Sigluvogi 9, Reykjavík.

Prókúrumboð: Auðun Freyr Ingvarsson, Gísli Jón Magnússon, Harpa Dögg Vífilisdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Matthías Þór Óskarsson, kt. 070575-5079, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Þróun og innflutningur á húseiningum úr timbri og innflutningur á öðru byggingarefni, kaup og sala

fasteigna, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025017453

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **KSH ehf.**

Kt.: 520825-2150.

Heimili og varnarþing: **Kinnargötu 44, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 11. ágúst 2025.

Stofnendur: Selma Ríkey Jóhannsdóttir, kt. 280590-3559, Kinnargötu 44, 210 Garðabær, Kristjana Kristjánsdóttir, kt. 170590-3259, Brekkubyggð 24, 210 Garðabær, Halldóra Þorvaldsdóttir, kt. 200482-3959, Holtsbúð 45, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 11. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Halldóra Þorvaldsdóttir. Varastjórn: Selma Ríkey Jóhannsdóttir.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Kristjana Kristjánsdóttir.

Prókúrumboð: Kristjana Kristjánsdóttir, Selma Ríkey Jóhannsdóttir, Halldóra Þorvaldsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jóhann Sigurðsson, kt. 130266-4799, Bjarkarholti 8, 270 Mosfellsbær.

Hlutfé kr.: 501.000 ISK

Tilgangur: Innflutningur og útflutningur á vörum og þjónustu, smásala og heildsala, fræðslustarfsemi og viðburðir tendir vöru og þjónustusölu, kaup og sala fasteigna og annarra eigna, rekstur þeirra, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025017454

Lögbirtingablað,
42. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.